

Um lifandi og dauða þekkingu: Kenning um heimspekikennslu

Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. (1999). *Heimspekisaga*. Stefán Hjörleifsson þýddi. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 758 bls.

Árman Halldórsson og Róbert Jack. (2008). *Heimspeki fyrir þig*. Reykjavík: Mál og menning. 203 bls.

Kristín Hildur Sætran. (2010). *Tími heimspekinnar í framhaldsskólanum*. Reykjavík: Heimspekistofnun og Háskólaútgáfan. 219 bls.

INNGANGUR

Hvað er heimspekikennsla? Á fræðslufundi Félags heimspekikennara þann 30. janúar 2013 var Páll Skúlason prófessor í heimspeki fenginn til að brjóta þessa spurningu til mergjar (Páll Skúlason, í prentun). Þegar hann íhugaði svarið taldi hann að annars vegar þyrfti að greina hvort kennarinn væri að fræða eða kenna. Væri hann að fræða væri hann að *falla um* eitthvað, segja frá, en væri hann að kenna væri hann að leiða nemendur sína í gegnum eigin hugmyndaheim þar sem umræddar kenningar kæmu fyrir líkt og vörður eða leiðarmerki, hugmyndir sem hann hefði sjálfur tekist á við. Hins vegar yrði spyrjandinn að gera upp við sig hvers konar heimspeki hann stæði fyrir, og gerði fyrirlesarinn þar greinarmun á hinum náttúrulega heimspekingi og þeim sem stundum eru kallaðir *nútíma sófistar*. Í nokkuð einfölduðu máli ástundaði náttúrulegi heimspekingurinn lífsspeki sína af vissum innileika en „sófistinn“ leitaðist fremur við að sannfæra áheyrendur sína um eitthvað, óháð inntakinu, oft í þeim eina tilgangi að tortryggja eða rífa niður.

Í þessum ítardómi er umfjöllun um þrjár bækur, er lúta að heimspekikennslu í framhaldsskólum, fléttuð saman við kenningu um heimspekikennslu sem ég hef verið að móta. Ég þykist ekki vera að gera neitt nýstárlegt því allir kennarar (og kennaranemar) búa að slíkri kenningu og er hún í daglegu tali nefnd *starfskenning*. Þessi kenning tekur sífældum breytingum, á hverjum tíma er hún nokkurs konar sneiðmynd af viðhorfi kennarans til kennslu.

Ég sæki hugmyndir til kollega og samnemenda minna í heimspeki og kennslufræði framhaldsskóla. Hér mun ég leitast við að máta starfskenningu mína við hugrenningar Páls Skúlasonar sem ég gat um áðan. Fyrst mun ég fjalla um þekkingarhugtakið og reyna að skoða það með augum nemandans, út frá tveimur sjónarhornum. Því næst mun ég ræða um þrenns konar tegundir hugsunar og hvernig – og hvers vegna – ég telji að í kennslu beri að hlúa að öllum þessum þáttum. Þá mun ég beina sjónum að efniviðnum, kennsluefninu, og í þessari umfjöllun takmarka mig við þrjár bækur sem allar snerta heimspekikennslu í framhaldsskólum. Þessar bækur eru *Heimspekisaga* eftir Gunnar Skirbekk og Nils Gilje (1999), *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack (2008) og *Tími heimspekinnar í framhaldsskólanum* eftir Kristínu Hildi Sætran (2010). (Hér eftir er vísað til bókanna þriggja með fangamörkum höfundar innan sviga.) Síðan mun ég heimfæra það sem komið hefur fram í köflunum á undan upp á tiltekna kenningu um kennslu og skoða hvernig hún kallast á við þær hugmyndir sem ég hef stuðst við, bæði mínar eigin og annarra. Hér er því ef til vill í nokkuð óhefðbundnum skilningi um ítardóm að ræða, en engu að síður ætti lesandinn að geta glöggvað sig á umfangi og innihaldi hvernar bókar út frá því *hvernig* ég ber hana saman við kenningu mína um heimspekikennslu. Hafa ber í huga að þessi greiningaraðferð er fyrirfram líkleg til að draga fram hið jákvæða í hverri bók fyrir sig, þar sem þetta reynist óhjákvæmilega vera það sem höfundur ítardómsins nýtir sér og „gerir að sínu“ í eigin kennslu. Í lokakafnanum greini ég í stuttu máli frá því hverju bækurnar breyttu fyrir starfskenningu mína.

ÞEKking

Almenn menntun á að „efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 13). Í nýrri aðalnámskrá hefur aðkoma skólakerfisins að þessu úrlausnarefni verið skilgreind út frá grunnþáttum menntunar – en segja má að þeir felist í einstaklingsbundinni og félagslegri færni nemenda – og hvernig tengja beri þá (grunnþættina) „meginsviðum þekkingar og leikni“ sérhvers nemanda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 13). Í kennslustofunni geri ég greinarmun á þekkingu eins og hún blasir við nemandanum eftir því hvort hún er *dauð* eða *lifandi*.¹ Eintómar útlistanir á því hvað einhver fyrri tíma hugsuður sagði eða ályktaði um tiltekið málefni, kenningar afmarkaðra fræðisviða, þurrar útlistanir á útlekkingum eins hugsuðar á tilgátum annars; það er sú kennsluaðferð sem að öllu jöfnu kallast staðreyndamiðlun (e. data-gathering strategy), hún einkennist af ítrodslu, og verður að öllum líkindum dauður bókstafur fyrir nemandanum. Lifandi þekking fæst við allt það sem skiptir máli í núinu, í tengslum nemandans við heiminn, og getur haft áhrif á veruleika hans og umhverfi. Hún lýtur ekki einungis að kennsluaðferðinni, heldur einnig að kennsluefninu og því *hvernig* unnið er með það. Að sama skapi tel ég að hægt sé að tala um lifandi kennslu og dauða kennslu, allt eftir því hvert inntak hennar, framkvæmd og útfærsla er.

Samkvæmt þessum skilgreiningum inniheldur *Heimspækisaga* eftir Skirbekk og Gilje nánast eintóma dauða þekkingu. Hér er þó vert að átta sig á því að dauð þekking er ekki sjálfkrafa einskisverð. Öll þekking, hvort sem hún er lifandi eða dauð, hvílir á staðreynda- og þekkingargrunni og það blasir við að án dauðrar þekkingar væri engin lifandi þekking. *Heimspækisaga* er hugsanlega það rit sem geymir hvað mestan fróðleik á íslensku úr sögu vestrænnar heimspeki. Með lagni góðs og útsjónarsams kennara mætti kenna nánast hvaða stefnu vestrænnar heimspeki sem er án þess að styðjast við nein önnur gögn. Einn mesti styrkur bókarinnar er þýðingar á frumtextum hinna helstu hugsuða sem koma fyrir í bókinni. Þar rís í ákveðnum skilningi upp „lifandi þekking“ síns tíma. Í heimspekinámi er ætíð mælt til þess að nemandi lesi fremur það sem hver og einn heimspækingur sagði sjálfur en það sem einhver annar sagði um hann. Frumtextar, og þýðingar frumtexta, gefa greiðan aðgang að skoðunum hugsuðanna.

Hvað er það sem gerir þekkingu lifandi í skólastofunni en ekki að dauðum bókstaf uppí á töflu? Lesandinn kann að spyrja hvort það sé afstætt eftir nemanda eða e.t.v. afstætt eftir þekkingunni. Ég tel að hvorttveggja eigi við. Frá sjónarhorni nemandans (eða manneskjunnar) ræðst það út frá þeirri menningu sem hann tilheyrir, og frá sjónarhorni þekkingarinnar ræðst það út frá merkingu hennar í menningunni. Sýn manneskjunnar á þekkingu sem lifandi eða dauða ræðst af gildi og vægi þekkingarinnar í menningunni og viðhorfi manneskjunnar til hennar. Gott dæmi, sem hægt er að tengja við veruleika ungmenna, er hugmyndin um húfubann innan dyra skólans. Í dag mega nemendur ekki vera með húfur inni. Þessi hugmynd er lifandi frá sjónarhorni hins fullorðna sem framfylgir henni en steindauð í huga unglingsins. Gagnvart fullorðnum snýst þetta um virðingu við umgengnisreglur. Gagnvart nemendum snýst þetta um sjálfmynd og betri líðan. Og það er lifandi hugmynd í þeirra huga. Þannig má segja að skilin milli lifandi og dauðrar hugmyndar ráðist af menningarlegu sjónarhorni á þekkingu. Lifandi kennsla snýst um að kynna nemendum hugmyndir sem þeir geta tengt við sinn veruleika. Heimspækileg samræða er tækifæri til að kanna hugmyndir og kenningar sem snerta líf ungmennanna, til þess að komast að því hvaða þekking er lifandi fyrir þeim. Að kanna með þeim jarðveg þekkingar. Af framansögðu má ráða að lifandi þekking er fljóttandi fyrirbæri og *Heimspækisaga* inniheldur vissulega þekkingu sem á einhverjum tíma var lifandi fyrir lesendum. Þekking hefur þó aldrei „síðasta söludag“, síður en svo; allt er undir því komið hvernig þekkingunni er beitt og jafnvel í hvaða tilgangi.

Í *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack er leitast við að framreiða kenningar fyrri tíma sem lifandi þekkingu þar sem því verður komið við. Hugmyndir eru t.d. settar í samhengi við dægurlagatexta, myndskreytingar eru afar lýsandi og myndatextar orðaðir á tungumáli unglingsins. Í formála segjast höfundar hafa gengið út frá þeim viðmiðum að „kaflar skiptust eftir viðfangsefnum (frekar en sögulegum tímabilum), að textinn væri heppilegur til umræðu, að hver kafli væri margradda (geymdi nokkur viðhorf á viðfangsefnið), að sem flestir merkustu höfundar heimspækisögunnar kæmu við sögu í bókinni, að greint væri frá samtímaviðhorfum í heimspeki, að umfjöllunin tengdist hversdagslegum veruleika og að heimspeki væri lýst sem lifandi viðfangsefni“ (ÁH og RJ, 2008, bls. 10; áherslubreyting mín). Hér ná Róbert og Ármann að kjarna skilgreiningu á því sem ég vildi kalla lifandi þekkingu.

Í *Tíma heimspekinnar í framhaldsskólanum* fjallar Kristín Hildur Sætran um nokkrar kennslustefnur sem setja þekkinguna og meðferð hennar í öndvegi; hún telur að hin síðari ár hafi „fræðileg umræða beinst meira að hugmyndum sem lúta að þekkingarsköpun nemandans sjálfs og mikilvægi menningar hans og umhverfis“ (KHS, 2010, bls. 34). Þar nefnir hún einkum hugsmíðahyggjuna sem aðferð til að vinna að uppbyggingu þekkingar og gera nemendum kleift að virkja fyrri þekkingu. Hún telur þessa kröfu samrýmast fyrrnefndri kenningu um lifandi kennslu, að „ný þekking gagnist nemendum ekki nema þeir íhugi, spyrji og efist um það sem þeim sé sagt, skoði nýjar hliðar sem settar eru fram í tengslum við það sem þeir þekkjá fyrir og byggji þannig nýju þekkinguna á grunni þeirrar sem þeir hafi fyrir“ (KHS, 2010, bls. 35). Þetta er skýrt dæmi um það hvernig lifandi þekking hlýtur ávallt að hvíla á dauðri þekkingu, og í framhaldinu viðrar Kristín nokkur varnaðarorð: „Ef hinar nýju upplýsingar stangast á við fyrri þekkingu nemandans er talið líklegt að hann muni hundsa eða bjaga nýja efnið og upplýsingarnar eða hreinlega ekki ná að tileinka sér hina nýju þekkingu“ (KHS, 2010, bls. 35). Úrlausnarefni kennarans hlýtur því að felast í að hjálpa nemandanum með lifandi kennslu að yfirstíga þessa hindrun ef og þegar hún verður í vegi fyrir honum. Í framhaldinu veltir Kristín vöngum yfir eðli þekkingar, einkum í ljósi þessarar kennsluáðferðar, en hætt er við að undir formerkjum hennar verði þekking afstætt fyrirbæri sem má síns lítils ef allir eiga heimtingu á sínu sjónarhorni án uppbyggilegra skoðanaskipta og samræðu. Þetta viðhorf minnir kannski helst á það sem Nietzsche talar um sem *sjónarhornshyggju um sannleika*. En þessi eðlisbreyting á þekkingarhugtakinu hefur, að mínu viti, að einhverju leyti þegar komið fram.

Um margt hefur hugsmíðahyggja verið gagnrýnd, en alvarlegast er að sumir telja að hún feli í sér sjálfshyggju og afstæðishyggju, það er að öll þekking hljóti að vera einstaklingsbundin eða afstæð. ... Michael R. Matthews, kennslufræðiprófessor í Ástralíu, sem gagnrýnt hefur hugsmíðahyggjuna leggur áherslu á að vera meðvit-
aður um áhrif umhverfisins í allri þekkingarsköpun, þannig að þótt sum atriði hugsmíðahyggju geti átt rétt á sér skorti þar frekari áherslu á umhverfið. Matthews á þar jafnt við félagslega þætti sem menningarlega og efnahagslega og vill líta á þekkingarsköpun eins og hverja aðra framleiðslu [sem grundvallast á sömu þáttum: hráefni, framleiðsluáðferðum, framleiðslutengslum, og félagslegu og lögmætu samhengi framleiðslunnar] ... Vissulega þarf að hafa þetta allt í huga og taka ber alvarlega orð Matthews þegar hann varar við hættu á afstæðishyggju sem geti falist í hugsmíðahyggju, ef ofangreind atriði séu ekki einnig höfð í huga. (KHS, 2010, bls. 35–36)

Þegar fjallað er um nám og kennslu, og það hlutverk sem þekking – bæði lifandi og dauð – gegnir í þessu sköpunarferli, tel ég gagnlegt að átta sig á ákveðinni viðhorfsbreytingu sem orðið hefur til þekkingar á undanförunum árum. Þessi breyting er tilkomin vegna þess hvernig við öflum þekkingar og hvort sem kennurum líkar það betur eða verr er nauðsynlegt fyrir þá að taka hana með í reikninginn því hún mótar, að meira eða minna leyti, bæði það hvernig lýsa megi kennsluefni sem lifandi viðfangsefni og eins, hvernig best fari á að *kenna* það sem lifandi viðfangsefni. Á árum áður taldist sá eða sú búa yfir þekkingu sem hafði hana á hraðbergi. Svokallaðir „límheilar“ þóttu hinir mestu viskubrunnar. Nú á dögum hefur dregið úr sérstöðu þessara einstaklinga og notagildi slíkrar þekkingar. Ástæðuna má finna í því hvernig við leitum þekkingar,

nýtum hana og komum henni á framfæri. Það er ekki lengur nauðsynlegt að vita eða muna allt. Ef og þegar maður þarf að vita eitthvað er hægur vandi að fletta því upp. Upplýsingagrunnurinn, hin mikla auðlind þekkingar, er fyrir hendi. Það þarf því ekki með sama hætti og áður að vita alla skapaða hluti. Það má auðveldlega nálgast upplýsingar um allt mögulegt í gegnum leitarvélarnetsins. Nú á dögum virðist þörfin brýnni fyrir að uppfræða og ræða við ungt fólk um það hvernig heppilegt þyki að *umgangast* þekkingu, en ekki hvernig eigi að afla hennar.

HUGSUN

Í fyrirlestrinum sem ég vék að í inngangi talaði Páll Skúlason (í prentun) um þrjár leiðir að hinni náttúrulegu heimspeki. Hann leiddi rök að því að hver sá fræðimaður eða áhugamaður sem hygðist nema vestræna heimspeki yrði að byrja á upphafinu og leita í vöggu grískrar menningar. Rökin fyrir þessu voru á þá leið að það væri eðli heimspekinnar sem fræðigreinar að ástundun hennar muni alltaf byggja á því sem sagt og hugsað hefur verið á undan. Öll heimspekileg hugtök, allar kenningar og ný sjónarmið tækju mið af fyrri tilgátum. Því væri innihaldsríkasta námsleiðin á sviði heimspekinnar einfaldlega að rekja sig aftur til upphafsins. Þessar þrjár leiðir væru af þeim sökum með útgangspunkta í hugsuðunum Sókratesi, Platóni og Aristótelesi. Þetta sagði hann bæði stafa af því sem greina mætti sameiginlegt og ólíkt með þeim. Í stuttu máli hefði hver þeirra sína aðferðafræði, sitt svið. Þannig kvað hann Sókrates vera holdgering gagnrýnnar hugsunar. Um Platón sagði hann að hans heimspeki væri tilraun til að hugtaka heiminn í eitt heildstætt kerfi. Aristóteles hefði aftur á móti farið þá leið að sundurliða allt og greina í sundur þangað til hann vissi hvernig allir hlutir (reglur, hugtök og frumöfl) tengdust innbyrðis. Þannig má ef til vill segja að þeir nálgist sama markmiðið hver með sínum hætti. Þessi framsetning rímar ágætlega við hugmynd sem ég hafði þegar gert mér um skiptingu hugsunarinnar í þrjú svið: gagnrýna, skapandi og sjálfstæða. Þá máta ég, eins og Páll Skúlason, aðferð Sókratesar við þá fyrstu en segi Platón vera skapandi í sinni ástundun og Aristóteles iðka sjálfstæða hugsun.


Ef ég hygðist nota *Heimspekisögu* til að kynna þessi svið hugsunarinnar sem lifandi viðfangsefni væri upplagt að byrja á köflum 2c, 3 og 4 í bókinni, sem fjalla um þessa hugsuði og innihalda valda frumtexta í íslenskri þýðingu. Jafnframt gæti ég notað kafla 1, 2, 3 og 15 í *Heimspeki fyrir þig* til að bera þá nánar saman. Kafli 4 í *Heimspeki fyrir þig* er helgaður þekkingu og hér væri freistandi að virkja lýðræðið í skólastofunni með því að ræða eigin kennsluáferðir við nemendur út frá hugtakinu, ekki síst eins og þeir Ármann Halldórsson og Róbert Jack gera því skil. Kristín Hildur Sætran fjallar um gagnrýna, greinandi hugsun, um skapandi hugsun og um sjálfstæða hugsun. Skilgreininguna á skapandi hugsun hefur hún eftir Eyþóri Eðvarðssyni (2003). Gagnrýnin, greinandi hugsun er yfirvegandi (e. meta-thinking), þ.e. hún er „hugsun um hugsun og þannig á vissan hátt leitandi rannsókn á hugsunum og um leið túlkun eða endursköpun hugsana“ (KHS, 2010, bls. 56). En forvitnin er:

alltaf mikilvæg í gagnrýninni hugsun. Þessi þrá að vilja helst vita allt um allt, bara til að skilja hlutina aðeins betur og þekkja nánar ástæðurnar og forsendurnar að baki ályktananna, lausnanna, framkvæmdanna og atburðanna. Gagnrýnin hugsun er mikilvæg fyrir alla skapandi einstaklinga ... því með henni greinum við, drögum í efa, skyggnumst á bak við framhliðina og undir yfirborðið. Við það fæðast oft nýjar hugmyndir og lausnir sem hitta í mark því byggt er á grunni sem hefur verið vel kannaður. Skapandi hugsun og gagnrýnin, greinandi hugsun eru í raun tvær hliðar á sama fyrirbærinu. (KHS, 2010, bls. 56–57)

Ef við heimfærðum þetta á þrískiptingu mína á sviðum hugsunarinnar mætti segja að markmið og aðferðir Sókratesar og Platóns væru tvær hliðar á sama fyrirbærinu. Og þá væri jafnframt ljóst að svið annars mætti sín lítils án hins.

Við notum sjálfstæða hugsun til að vinna úr fyrri þekkingu. Þannig styðst Kristín Hildur Sætran við þrjár skilgreiningar á þekkingunni sem er fyrir hendi, hún sé „undirstaða alls náms, viðurkenndu svörin, og það sem reynslan hefur kennt okkur, og þeirri þekkingu þarf að miðla til nemendanna“ (KHS, 2010, bls. 155). Í mínum huga er þetta ákall um lifandi kennslu. Nemendur þurfa að „geta litið þekkinguna gagnrýnum augum og viðurkenna að þeir sjálfir, jafnt sem höfundar námsefnisins, gætu verið með ranghugmyndir og hafa stuðst við staðleysur“ (KHS, 2010, bls. 155). Hér stígur að mínum dómi hin sjálfstæða hugsun fram. Kristín segir hugsunina sjálfstæða ef nemendur hafa annars vegar fundið fyrir ögrun; unnið út frá eigin áhuga og sett fram eigin sjónarmið; byggt á eigin reynslu, hughrifum og tilfinningum; haldið þræði og gagnrýnt eigin fullyrðingar og annarra. Hins vegar ættu þeir á eigin forsendum að hafa greint efnið og dýpkað; sett fram spurningar; spurt áfram og leitað svara; sett fram og greint rök; rætt efnið frá mörgum hliðum og tengt það utanaðkomandi þáttum (KHS, 2010, bls. 161).

Mynd. Svið hugsunarinnar



Á myndinni má sjá hvernig ég sé fyrir mér þrískiptinguna á sviðum hugsunarinnar og gagnvirkni þeirra. Í umfjöllun sinni um hina sjálfstæðu hugsun segir Kristín að leggja þurfi „áherslu á að andrúmsloftið í skólastofunni sé vinsamlegt og hlýlegt til að sjálfstraust nemenda bíði ekki hnekkji við óhjákvæmileg mistök sem fylgja ætíð auknu frelsi og sjálfstæði“ (KHS, 2010, bls. 162). Hún undirstrikar þannig að öll kennsla byggist á virðingu og umhyggju.

EFNIVIÐUR

Í formála útgefanda að *Heimspækisögu* er þess getið að bókinni sé ætlað að veita landsmönnum greinargott yfirlit yfir sögu heimspékinnar, en slíkt yfirlit hafði verið illfáanlegt síðan Ágúst H. Bjarnason gaf út *Sögu mannsandans* á fyrri hluta síðustu aldar (GS og NG, 1999, bls. 12). Óhætt er að fullyrða að það er mikill fengur að þýðingunni fyrir íslenska lesendur.

Samkvæmt skýrslu starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins er ætlunin að í greinahluta *Aðalnámskrár framhaldsskóla* verði þremur hæfniþrepum samfélagsgreina lýst. Þessum þrepum er skipt í þrjú svið, það er *þekkingu*, *leikni* og *hæfni*. *Þekkingu* er í þessu samhengi lýst sem sambandi nemandans við grunnhugtök námsgreinarinnar, annars vegar, og grunnþætti menntunar, hins vegar, og færni hans við beitingu þeirra. Í hæfniþrepi 1 miðast *þekking* við að:

Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum, viðfangsefnum, orðfæri og sérstöðu greinar
- sögulegum uppruna og þróun greinar
- samfélagslegum gildum og siðferði
- ólíkum öflum sem hafa áhrif á mótun einstaklingsins og umhverfis
- gagnrýninni hugsun
- jafnrétti, mannréttindum og inntaki og framkvæmd lýðræðis
- sjálfbærri þróun
- tengslum greinar við daglegan veruleika. (Anton Már Gylfason, Arnar Sigbjörnsson, Henry Alexander Henrysson, Karl Jóhann Garðarsson og Magnús Ingólfsson, 2012, bls. 2)

Ég vil halda því fram að hér sé beinlínis verið að lýsa dauðri þekkingu andspænis lifandi þekkingu og gagnverkandi samspili þessarar tvenns konar þekkingar samkvæmt þeim skilgreiningum sem gengið var út frá í kaflanum *Þekkingu* hér að framman. Óhætt er að segja að í *Heimspækisögu* geti að líta góðan grunn til að ná markmiðum fyrsta þrepsins á sviði þekkingar. Bókin tekur allvel á a.m.k. sex af þeim átta punktum sem taldir eru upp hér á undan, en þó einkum á grunnhugtökum heimspékinnar, sögulegum uppruna og þróun greinarinnar, samfélagslegum gildum og siðferði, og gagnrýninni hugsun. Bæði leikni- og hæfniþættirnir, sem fyrsta hæfniþrep samfélagsgreina í framhaldsskólum tekur til, hverfast um það sem ég hef fjallað um sem lifandi þekkingu. Hvað varðar *leikni* er þar m.a. ætlast til að:

Nemandi hafi öðlast leikni í:

- að greina einkenni og þróun einstaklinga, samfélaga og menningar
- að tala og skrifa á skýran og skapandi hátt um viðfangsefni greinar
- að vinna með upplýsingar á hagnýtan og fjölbreyttan hátt
- að greina á milli rökræðu og kappræðu
- að skoða og meta ólíkt gildismat og viðhorf
- að greina samhengi orsaka og afleiðinga. (Anton Már Gylfason o.fl., 2012, bls. 2)

Og þá miðast *hæfni* í fyrsta hæfniþreppinu m.a. við að:

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auðga og þroska samskiptahæfni sína
- mynda sér skoðun á forsendum gagnrýnnar hugsunar
- tjá viðhorf sín á rökstuddan hátt
- setja sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum
- vege og meta efnisleg og siðferðileg verðmæti
- efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína á skapandi hátt
- bera virðingu fyrir mannréttindum
- gera sér grein fyrir ábyrgð sinni gagnvart samfélagi og komandi kynslóðum
- taka þátt í lýðræðislegri samræðu og samstarfi. (Anton Már Gylfason o.fl., 2012, bls. 2)

Á þessum tveimur sviðum stendur *Heimspæki fyrir þig* að einhverju leyti best að vígi. Segja má að nálgun og efnistösk höfundu séu nútímaleg, fersk og aðgengileg. *Heimspækisaga* er hins vegar þung og mörgum nemendum finnst hún torlesin. Í *Heimspæki fyrir þig* er þó einnig lagður grunnur að þekkingarmyndun sem hefur snertiflöt við fyrsta hæfniþrep samfélagsgreina í framhaldsskólum. Og með lifandi kennslu hins virka kennara má fylla upp í hugsanlegar eyður í fræðilegri úrvinnslu á hugtökum og hugmyndafræði, en slík aðlögun námsefnis er einmitt nauðsynlegur þáttur lifandi kennslu.

Í nafnaskrá *Heimspækisögu* er hlutur kvenna ansi rýr. Höfundar eru meðvitaðir um það og geta þess sérstaklega:

Að vísu hefur verið minnst á nokkrar konur á þessum blöðum (sbr. Hypatíu, Hildegard von Bingen, Harriet Taylor og Rósu Luxemburg) en þessir fulltrúar „hins kynsins“ eru fáir og langt á milli þeirra. Það er karlaskekkja í heimspækisögunni allri, auk menningarskekkjunnar og stéttaskekkjunnar. Þetta ójafna kynjahlutfall er vísbending um ákveðna togstreitu sem kvenfrelshreyfingin hefur fjallað um og reynt að hafa áhrif á. (GS og NG, 1999, bls. 572)

Sérhver kennari, sem tekur undir með höfundum *Heimspækisögu*, ætti láta sig þessa togstreitu varða og freista þess að fylla upp í eyðurnar með kennslu sinni, sem fyrir vikið yrði innihaldsríkari og meira lifandi.

Þegar hér er komið sögu ætti að vera ljóst orðið að *Tími heimspékinnar í framhaldsskólunum* er ekki beinlínis kennarahandbók, en hún er mikilvæg hverjum þeim sem fýsir að móta skólustarf og menntastefnu á forsendum heimspækikennslu. Í hæfniþreppum 2 og 3 eflast tök nemenda á sviðum þekkingar, leikni og hæfni. Á meðan hæfniþrep 1 snerist um að nemandinn hefði á sínu valdi almenna þekkingu, leikni og hæfni á sviðum námsgreinarinnar er færni nemandans í þeim markvissari í hæfniþrepi 2 og telst orðin sérhæfð í hæfniþrepi 3. Með því að feta þessa braut temur nemandinn sér markvisst skapandi hugsun, og í framhaldinu sjálfstæða hugsun. Kristín Hildur Sætran fjallar um kennslufræðileg verðmæti heimspékinnar og segir hana falla vel að kenningum Zevins um mikilvægi margbreytilegrar kennslu (KHS, 2010, bls.

31) og fjölgreindakenningu Gardners (KHS, 2010, bls. 33). Um síðara atriðið hefur Ármann Halldórsson einnig fjallað út frá gildi sókratískrar samræðu (Ármann Halldórsson, 2011). Kristín leggur áherslu á að kennsla sem tekur mið af fyrrgreindum kenningum sé kjörin til að mæta nemendum á þeirra eigin forsendum (KHS, 2010, bls. 32–34) og þroskaferli nemandans sýni sig í því hugmyndaflæði sem heimspekileg aðferð býður upp á.

KENNSLA

Kröfurnar sem gerðar eru í hæfniþrepi 1 ganga út frá og miðast við dauða þekkingu. Í hæfniþrepi 2 og 3 eru beinlínis gerðar kröfur sem miða má við lifandi þekkingu – og þess vegna þarf að beita lifandi kennslu. Sameiginlegu þræðirnir sem ég tala um birtast í grunnþáttum menntunar. Þeir bjóða upp á (en eru ekki trygging fyrir) lifandi kennslu.

Ég tel að það sé kennslan en ekki kennsluefnið sem sker úr um hvort námið skili nemendum á næstu hæfniþrep, en þar er ætlast til að færni nemenda á hæfnisviðunum þremur verði æ meiri og að þeir sýni sjálfstæðari vinnubrögð. Þetta er í raun skrefið sem kennarinn hjálpar nemendum að stíga úr umhverfi dauðrar þekkingar yfir í hið lifandi rými.

Páll Skúlason prófessor svaraði í margnefndum fyrirlestri sínum spurningunni „Hvað er heimspekikennsla?“ á þann veg að fyrst yrði að svara spurningunni „Hvað er heimspeki?“ og síðan að svara spurningunni „Hvað er kennsla?“ út frá því svári (Páll Skúlason, í prentun). Svárið við spurningunni „Hvað er heimspeki?“ gat annaðhvort haft útgangspunkt í ástundun náttúrulegrar heimspeki eða í nokkurs konar mælskufræðum. Ástundaði maður hið síðara væri maður ef til vill kunnáttumaður en ekki sannleiksleitandi. Væri maður af fyrri gerðinni leitaðist maður við að lifa þá heimspeki sem maður ástundaði. Hin náttúrulega heimspeki væri því í ákveðnum skilningi réttnefnd heimspeki. Sönn heimspekikennsla væri þá fólgin í að lifa þá heimspeki sem maður ástundar og kenna þá heimspekilegu hugsun (gagnrýna, skapandi, sjálfstæða) sem maður lifir. Með öðrum orðum, að kenna sjálfan sig – með samþættingu dauðrar og lifandi þekkingar. Ég nota orðalagið að *lifa heimspeki* með sama hætti og þegar við segjum að kennari kenni í ljósi starfskenningar sinnar.

Þessi kenning tekur mið af skiptingu hugsunarinnar í þrjá þætti og kallast á við grunnhugtök og sögulegan uppruna heimspekinnar sem fræðigreinar, sem og við þá framsetningu sem reifuð hefur verið hér um hlut hinna þriggja upphafsmanna vestrænnar heimspeki í þeirri aðgreiningu sem felst í gagnrýninni, skapandi og sjálfstæðri hugsun, og hvernig sú aðgreining rímar við kröfur hæfniþrepanna í greinahluta *Aðalnámskrár framhaldsskóla* og þá námsþróun sem þau kveða á um. Ég hef tengt alla umfjöllun við hugmynd mína um þekkingu sem lifandi eða dauða, og þá tilgátu að einnig sé hægt að tala um lifandi og dauða kennslu. Ég held því ekki fram að dauð þekking sé einskisverð, heldur sé hún beinlínis nauðsynleg og komi á undan lifandi þekkingu. Það þýðir samt ekki að lifandi þekking gæti aldrei birst sjálfsprottin, og ég set þann fyrirvara hér fram sem eftirþanka. Vel má ímynda sér að í veraldarsöggunni

hafi einstaklingar komið fram með hugmyndir sem samstundis töluðu beint inn í hjarta þeirra sem hlýddu á, og ef svo er má kannski velta upp þeirri spurningu hvort önnur tegund þekkingar útiloki hina. Til þess að styðja kenninguna fræðilegum rökum hef ég leitað fanga í bókunum *Heimspækisaga* eftir Skirbekk og Gilje, *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack og *Tími heimspékinnar í framhaldsskólanum* eftir Kristínu Hildi Sætran. Í þeim hef ég fundið lifandi og dauða þekkingu, til handa lifandi kennslu.

LOKAORÐ: ÁHRIF BÓKANA Á STARFSKENNINGUNA

Í lok vormisseris 2012, um það leyti sem ég lauk viðbótardiplómu í kennslufræði framhaldsskóla frá Háskóla Íslands, skrifaði ég samantekt sem ætlað var að kjarna starfskenningu mína, þ.e. viðhorf mín til kennslu og hvernig kennari ég vildi vera. Segja má að þetta hafi verið nokkurs konar frumdrög að starfskenningu minni þar sem ég var ekki starfandi kennari og hafði takmarkaða reynslu af kennslu. Ég skrifaði: „Kennsla er allt annað í dag en þegar ég var í grunn- og framhaldsskóla.“ Og:

Kennari þarf alltaf (og alltaf) að gefa af sér. Nemendur gera kröfur á mann ... Ég hef lært að nemendur eru félagsverur. En þeir hafa sitt eigið félagslega svið. Það er nauðsynlegt að koma fram við þá eins og þroskaða sjálfstæða einstaklinga.

Starfskenning hvers kennara þróast í samhengi við umhverfi og aðstæður, en trúlega er kjarninn í starfskenningunni yfirleitt nokkuð stöðugur. Það er forvitnilegt að skoða hvernig ég orðaði starfskenningu mína í fyrstu drögum, þar sem ég nefndi tvær af þeim þremur bókum sem hér hafa verið til umfjöllunar:

Ég hef verið að kenna heimspeki með bókunum *Heimspækisögu* eftir Skirbekk og Gilje og *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack. Sú fyrri er yfirgripsmikil og notuð í mörgum námskeiðum í heimspeki við Háskóla Íslands. Nemendum MH er gert að lesa fyrstu 100 bls. hennar í áfanganum Heimspeki 103. Staðreyndin er hins vegar sú að afar fáir lesa stafkrók í henni. Mig langar að verða kennari sem gæti hjálpað nemendum að fá áhuga á þannig bók. Hin bókin er léttari, en hún er kennd í Verzlunarskóla Íslands. Ég verð ekki var við að fleiri lesi hana. Hins vegar hef ég stundum velt því fyrir mér hvort það myndi gagnast heimspékinnemum á framhaldsskólastigi að gerðar yrðu verkefnabækur fyrir þessi rit. Ég gæti vel hugsað mér að vinna að því með fram kennslu.

Núna, ári síðar, er starfskenning mín sú kenning um heimspékikennslu sem reifuð hefur verið í þessum ítardómi og felst í samspili lifandi og dauðrar þekkingar, annars vegar, og lifandi og dauðrar kennslu, hins vegar. Kjarninn hefur aftur á móti haldið sér. Nú hef ég kynnst *Heimspækisögu* og *Heimspeki fyrir þig* enn betur sem kennslubókum og þróað með mér kenningu um heimspékikennslu sem felur í sér þá skoðun að það þurfi ekki að auka við þær efni heldur mótist þekkingin sem þær búa yfir, og mér er ætlað að miðla, af sjálfri kennslunni. Raunar á kenning mín um heimspékikennslu rætur að rekja til vandans sem ég lýsi í tilvitnuninni hér að ofan, sem tekur

til áhugaleysis nemenda á efninu, og má þannig segja að kynni mín af bókunum sem fjallað hefur verið um í þessum ítardómi hafi skerpt á starfskenningunni. Hvað varðar þriðju bókina þá tel ég að *Tími heimspekinnar í framhaldsskólanum* styðji, eins og tíundað hefur verið hér á þessum síðum, hugmyndir mínar um sjálfstæða, skapandi og gagnrýna hugsun sem hreyfiafl lifandi og dauðrar þekkingar. Kennarinn er áttaviti sem hjálpar nemandanum að rata um í því auðuga skógríki sem nám er.

ATHUGASEMD

- 1 Ég segi frá tilurð þessara hugtaka á öðrum stað (Kristian Guttesen, í prentun) og læt nægja hér að þakka Nönnu Hlín Halldórsdóttur fyrir kveikjuna að þeim.

HEIMILDIR

- Anton Már Gylfason, Arnar Sigbjörnsson, Henry Alexander Henrysson, Karl Jóhann Garðarsson og Magnús Ingólfsson. (2012). *Skýrsla starfshóps um gerð viðmiðaramma samfélagsgreina í framhaldsskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Ármann Halldórsson. (2011). Sókratísk samræða. Sótt 12. febrúar 2013 af <http://gagnrynihugsun.hi.is/?p=1115>
- Eyþór Eðvarðsson. (2003). Tíu einkenni þeirra sem eru skapandi. Sótt 3. febrúar 2013 af <http://www.thekkingarmidlungun.is/template23244.asp?pageid=4096&newsid=1153>
- Kristian Guttesen. (í prentun). Hlutverk heimspekinnar – með viðbótar- og eftirmálsgreinar eftir Pál Skúlason. Verður birt á <http://gagnrynihugsun.hi.is>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti* (2. útgáfa). Reykjavík: Höfundur.
- Páll Skúlason. (í prentun). Hvað er heimspekikennsla? Verður birt á <http://heimspekitorg.is>

UM HÖFUNDINN

Kristian Guttesen (kguttesen@hotmail.com) er heimspekingur, kennari og skáld. Hann lauk BS-prófi í hugbúnaðarverkfræði frá Glamorgan-háskólanum í Wales árið 1999, BA-prófi í heimspeki og ritlist frá Háskóla Íslands árið 2006 og viðbótardiplómu í kennslufræði framhaldsskóla frá sama skóla árið 2012. Hann stundar nú meistaranám í heimspeki og ritlist, einnig við Háskóla Íslands. Einnig er hann formaður Félags heimspekikennara. Kristian hefur gefið út sjö ljóðabækur, eitt ljóðasafn og eina þýðingu. Meðal faglegra viðfangsefna hans er heimspekikennsla.